

**Ed.**

**77. Frumvarp til laga**

[44. mál]

um breyting á lögum nr. 81 23. júní 1936, um sveitarstjórnarkosningar.

Flm.: Björn Stefánsson.

**1. gr.**

17. gr. laganna orðist svo:

Allar kosningar samkvæmt lögum þessum skulu vera leynilegar. Bæjarstjórnir og hreppsnefndir í hreppum, þar sem fullir  $\frac{3}{4}$  íbúanna eru búsettir í kaupúni, skal kjósa hlutfallskosningu. Nú kemur enginn framboðslisti fram áður en framboðsfresti lýkur, og skal þá kjósa óhlutbundinni kosningu. Í hreppum, þar sem fleiri en  $\frac{1}{4}$  íbúanna er búsettur utan kaups, skal kjósa hlutfallskosningu, ef  $\frac{1}{10}$  kjósenda krefst þess bréflaga við oddvita kjörstjórnar 6 vikum fyrir kjördag. Þó nægir, að 25 kjósendur krefjist þessa.

**2. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**Greinargerð.**

Í nokkrum sveitarfélögum, þar sem fullir  $\frac{3}{4}$  íbúanna eru búsettir í kaupúni, kom fram fyrir síðustu sveitarstjórnarkosningar almennur óvilji á hlutfallskosningum, og í tveim hreppum, á Stöðvarfirði og Sandi á Snæfellsnesi, var andstaðan gegn skyldu hlutfallskosningar svo ákveðin, að við lá, að enginn framboðslisti kæmi fram og á þeim stöðum yrðu þá ekki löglegar hreppsnefndir starfandi.

Breytingar þær, sem frv. þetta felur í sér, eru aðeins þær, að á þeim stöðum, þar sem gert er ráð fyrir hlutfallskosningu samkvæmt lögnum, sé einnig möguleiki til óhlutbundinnar kosningar í þeim tilfellum, að enginn framboðslisti komi fram. Reynslan hefur sýnt, að slík ákvæði eru æskileg til að forða vandræðum.

Í ýmsum byggðarlögum úti á landi er almennur vilji að blanda ekki kosningu sveitarstjórna inn í landsmál eða flokkaskiptingu, sem oftast fylgir hlutfallskosningum. Og þar sem einhuga vilji er á því að kjósa menn til trúnaðarstarfa fyrir hreppinn eingöngu eftir trú á manngildi og starfshæfni, án tillits til stjórnmalaskoðana, sýnist rétt að virða þann vilja með því að leyfa möguleika á óhlutbundnum kosningum.